



Til:
Efni:
Upplýsingar:

sigmar@skipulag.is, rut@skipulag.is
Framleiðsla á 6.800 tonnum af laxi í sjó í Ísafjarðardjúpi - beiðni um umsögn
Sent: 07/03/2016 16:23:26 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2016020023, Bréfalyklar: 42-0
almennt

Tilvísun í mál: 2016020023

Vísað er til bréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 18. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um matsáætlun fyrir 6.800 framleiðslu af laxi í sjó í Ísafjarðardjúpi.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir erindið en í framangreindri matsáætlun er gert grein fyrir þeim þáttum sem á að fjalla um í frummatsskýrslu. Ekki er annað að sjá en fjallað verði í frummatsskýrslu um þau atriði sem skipta máli. Við lestur matsáætlunarinnar getur verið erfitt að meta hve ítarleg umfjöllunin verður í frummatsskýrslunni um einstaka þætti. Ljóst er að fjalla þarf ítarlega um mengun og álag á lífríki t.d. á botni/burðarþol, sjúkdóma, notkun framandi laxastofna, vistfræði eldissvæðanna og hugsanleg áhrif á náttúrufar/tegundir/búsvæði þ.m.t. einnig aðra nýtingu o.s.frv. Ekki er ljóst af matsáætluninni hvernig verður fjallað um heildaráhrif af laxeldinu og þau metin t.d. með tilliti til sjálfbærrar þróunar til lengri tíma s.s. öflun á fóðri, úr hverju er það unnið, kostir og ókostir við að nota íslenskan stofn af laxi vs. norskan, gæði fyrirbyggjandi rannsókna/upplýsinga og þ.a.l. áreiðanleika matsþátta. Í matsáætluninni virðist ekki gert ráð fyrir að meta marga kosti heldur stefnan tekin á ákveðin svæði, ákveðinn laxastofn og ákveðið magn.

Virðingarfyllt,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)
212 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is

